

Jóhannes Pétursson

Jóhannes Pétursson kennari, Hraunbæ 77, Reykjavík, verður sjötugur á mánudaginn.

Starfsferill

Jóhannes er fæddur í Skjalda-bjarnarvík í Árneshreppi. Hann ólst upp í Skjalda-bjarnarvík og í Reykjarfirði í Árneshreppi. Jóhannes stundaði nám í Héraðsskólanum að Reykjum 1939-40, í Reykholtsskóla 1941-42 og varð búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1945. Hann tók kennarapróf frá Kennarskólanum 1949 og stundaði nám við KHÍ 1975-76.

Jóhannes var skólastjóri heimavistar-skólans að Finnbogastöðum í Árneshreppi 1949-55, kennari við Laugarnesskóla 1955-61 og kennari

við Laugalækjarskóla frá 1961. Á sumrin hefur Jóhannes starfað sem verkstjóri við Vinnuskóla Reykjavíkur og við löggæslustörf í Reykjavík 1961-70.

Jóhannes er einn stofnenda UMF Eflingar í Árneshreppi og var formaður þess um skeið. Hann var í stjórn Stéttarfélags barnakennara í Reykjavík 1958-63, í stjórn Félags gagnfræðaskólakennara í Reykjavík 1966-81 og var formaður þess 1968-70 og 1978-81. Jóhannes var í stjórn LSFK og LGF 1976-80, í stjórn Kennarasambands Íslands um skeið, í stjórn Námsgagnastofnunar frá 1979 og í námsbókaneftun 1978-79. Hann var kennararfulltrúi í fræðsluráði Reykjavíkur um skeið, í kennararáði Laugalækjarskóla í

allmörg ár, í samninganefnd Kennarasambands Íslands um skeið og í samninganefnd BSRB um skeið. Jóhannes hefur setið í mörgum nefndum á vegum kennarasamtakanna og m.a. setið tvær ráðstefnur um grunnskólafrumvarpið á vegum menntamálaráðuneytis. Hann sat í stjórn framfarafélags Selás- og Árbæjarhverfa og í stjórn Bræðrafélags Árbæjarsóknar um skeið. Jóhannes hefur ritað greinar í blöð og tímarit.

Fjölskylda

Jóhannes er kvæntur Kristínu Björnsdóttur, f. 9.8. 1927, húsmóður. Foreldrar hennar: Björn Guðmundsson, f. 18.7. 1894, d. 24.4. 1972, forstjóri Áburðarsölu ríkisins, og

Bergný K. Magnúsdóttir, f. 11.8. 1892, d. 20.12. 1980, húsmóðir.

Börn Jóhannesar og Kristínar: Haukur, f. 24. 11. 1948, dr. í jarðfræði, sérfræðingur við Náttúrufræðistofnun Íslands, kvæntur Sif Jónasdóttur meinatækni; Björn Hákon, f. 13.4. 1951, framkvæmdastjóri Reka hf., kvæntur Helgu Þ. Þorgeirsdóttur kennara; Pétur, f. 27.1. 1953, húsamiðameistari, kvæntur Gróu Gunnarsdóttur fósturu; Hrönn, f. 13.1. 1958, fóstura, gift Gunnari L. Benediktssyni múrarameistara; Guðmundur Bjarki, f. 28.11. 1967, háskólanemi; Hilmir Bjarki, f. 28.11. 1967, iðnrekstrarfræðingur, í sambúð með Írisi Rögnvaldsdóttur markaðsfræðingi. Barnabörn Jóhannes og Kristínar eru 10 að tölu.



Jóhannes Pétursson.

Systkini Jóhannesar eru: Guðmundur vélstjóri, látinn; Guðbjörg húsfreyja; Friðrik kennari; Matthías skrifstofustjóri; Jón vélgæslumaður.

Foreldrar Jóhannesar: Pétur Friðriksson, f. 18.6. 1887, d. 9.9. 1979, bóndi og Sigríður Elín Jónsdóttir, f. 10.11. 1893, d. 30.3. 1984.

Jóhannes dvelur á sjúkrahúsi um þessar mundir.

Ingibjörg Jónsdóttir

Ingibjörg Jónsdóttir, starfsmaður í Seðlabanka Íslands, Sléttuvegi 11, Reykjavík, verður sjötug á sunnudaginn.

Starfsferill

Ingibjörg er fædd á Nesi í Norðfirði og ólst þar upp til fimmtán ára aldurs. Hún lauk þar barna- og gagnfræðaskólafrófi, tók verslunarskólafróf frá VÍ 1940, próf frá Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1945, Snýrtískóla Margrétar Hjálmtýsdóttur 1974 og stúdentspróf frá Öldungadeild MH 1980.

Ingibjörg starfaði sem gjaldkeri og bókarí hjá J. Þorlákssyni og Norðmann og Reyplasti hf. 1940-74, en síðan sem fulltrúi í Endurskoðunar-eild Seðlabanka Íslands.

Fjölskylda

Ingibjörg giftist Þór P. Þormar, d.

28.10. 1991, verslunarmanni. Þau skildu. Foreldrar Þórs voru Páll Guttormsson Þormar kaupmaður og Sigríði Konráðsdóttur.

Systkini Ingibjargar: Sveinbjörg Ágústa, f. 28.8. 1920, gift Jósef Sigurðssyni, fyrrv. útibússtjóra Landsbankans, og eiga þau þrjú börn; Ragnar, f. 29.9. 1924, starfsmaður í Hörpu hf., kvæntur Sigríði Ingvarsdóttur og eiga þau tvo syni; Rögnvaldur, f. 7.9. 1928, d. 11.5. 1990, prestur og kennari, var kvæntur Sigrúnu R. Thorarensen, þau skildu.

Foreldrar Ingibjargar voru Jón Sveinsson, f. 27.12. 1892, d. 2.2. 1931, bókarí og bæjarfulltrúi í Neskaupstað og Guðrún Karlsdóttir, f. 17.4. 1899, d. 11.6. 1982.

Ætt

Jón var sonur Sveins Sigfússonar,



Ingibjörg Jónsdóttir.

kaupmanns og útgerðarmanns í Norðfirði, og Þorbjargar Runólfsdóttur. Guðrún var dóttir Karls Sigurðssonar, sjómanns á Eskifirði, og Sólrúnar Ingibjargar Jónsdóttur.

Ingibjörg tekur á móti gestum á afmælisdaginn í Selinu, Sléttuvegi 11-13, kl. 15-18.

Til hamingju með afmælið 3. ágúst

80 ára

Njáll Stefánsson, Mýrargötu 20, Neskaupstað.

75 ára

Hermann C. Lundholm, Hlíðarvegi 45, Kópavogi. Kristín Jónsdóttir, Söndum, Ytri-Torfustaðahreppi.

70 ára

Eggert V. Kristjánsson, Hringbraut 50, Reykjavík. Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Merkigerði 21, Akranesi. Sveinn Guðmundsson, Skagfirðingabraut 33, Sauðárkróki.

60 ára

Einar Jónsson, Neðra-Hreppi, Skorradalshreppi. Ásta Þorsteinsdóttir, Frostafold 103, Reykjavík. Jósep Birgir Kristinsson, Hagamel 6, Skilmannahreppi. Ragnheiður H. Ingólfssdóttir, Smyrilshólum 2, Reykjavík.

50 ára

Jósefina G. Sveinsdóttir, Brekkubyggð 20, Garðabæ. Ásta Hansdóttir, Fitjabraut 6a, Njarðvík. Hún verður að heiman. Vilhjálmur Grímsson, Krummahólum 6, Reykjavík. Elinborg Sigurðardóttir, Hraunbæ 34, Reykjavík. Jón Guðmundsson, Vallholti 17, Ólafsvík.

40 ára

Atli Sigurðsson, Faxastíg 23, Vestmannaeyjum. Erlingur Páll Ingvarsson, Bólstaðarhlíð 3, Reykjavík. Ólafur Benediktsson, Álakvísl 134, Reykjavík. Gísli I. Þorsteinsson, Laugarásvegi 47, Reykjavík. Hjördis Jóna Sigvaldadóttir, Bröttukinn 6, Hafnarfirði. Óskar Sæmundsson, Hvassaleiti 95, Reykjavík. Sveinn Auðunn Blöndal, Klyffaseli 26, Reykjavík. Erna Björk Guðmundsdóttir, Fjótaseli 15, Reykjavík. Haukur Skúli Thoroddsen, Fjölögötu 19, Reykjavík.

Jökull Jósefsson

Jökull Jósefsson verkstjóri, Seljalandsvegi 20, Ísafirði, verður fertugur á sunnudaginn.

Starfsferill

Jökull fæddist á Vopnafirði og ólst þar upp. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Alþýðuskólanum á Eiðum 1970 og prófi í járnsmíði frá Iðnskólanum á Ísafirði 1974.

Jökull starfaði í sjö ár hjá Skipasmíðastöð Marzelíusar Bernharðssonar. Hann hefur unnið við rækjuvinnslu í Bakka í Hnífsdal og stundað sjómennsku af og til. Jökull rak Toppblómið á Ísafirði en vinnur nú sem verkstjóri í Bakka.

Jökull hefur verið í stjórn Járníðnaðarmannafélags Ísafjarðar. Hann var formaður Slysavarnafélags Ísafjarðar og er félagi í Lions-

klúbbi Ísafjarðar.

Fjölskylda

Maki Jökuls er Ingibjörg Margrét Matthíasdóttir, f. 15.8. 1957, hárgreiðslumeistari. Foreldrar hennar: Matthías Vilhjálmsson verkstjóri og Guðrún Valgeirsdóttir verkakona.

Börn Jökuls og Ingibjargar eru: Guðrún Margrét, f. 19.10. 1975, unusti hennar er Árni Ingi Steinsson; Jósef Matthías, f. 12.4. 1978; Íris Maggý, f. 29.6. 1986.

Systkini Jökuls: Guðjón, maki Helga Kristjánsdóttir og eiga þau fimm börn; Þórunn, maki Sverrir Kristinsson og eiga þau þrjú börn; Hilmir, maki Birgitta Guðjónsdóttir og eiga þau þrjú börn; Hildur, maki Magnús Kristjánsson og eiga þau fjögur börn; Oddný, maki Bjarni



Jökull Jósefsson.

Kristinsson og eiga þau fjögur börn.

Foreldrar Jökuls eru Jósef Guðjónsson, f. 1.1. 1913, bóndi, og Margrét Ólafsdóttir, f. 4.2. 1916, húsmóðir.

Jökull verður að heiman.

Ásta Magnúsdóttir

Ásta Magnúsdóttir, Asparlundi 21, Garðabæ, verður nírað á sunnudaginn.

Fjölskylda

Ásta er fædd að Gamla Garði á Akureyri og ólst upp á þeim slóðum. Hún lærði hjúkrun á Sjúkrahúsinu á Akureyri og vann alla tíð við hlið eiginmanns síns.

Ásta giftist 6.4. 1929 Bjarna Valdimar Guðmundssyni, f. 11.6. 1898, d. 8.12. 1973, héraðslækni. Foreldrar hans: Guðmundur Bjarnason, bóndi í Öndurholti í Villingaholts-hreppi, og Hildur Bjarnadóttir frá

Króki í Villingaholtshreppi.

Ásta og Bjarni Valdimar eignuðust fjögur börn: Hildur, f. 15.3. 1929, ekkja Sigurðar Jónssonar, skrifstofumanns; Sigríður, f. 15.3. 1929, kennari, gift Sveini Þorvaldssyni, kennara; Guðmundur, f. 6.10. 1930, lækni, kvæntur Bergdís Kristjánsdóttur, hjúkrunarfræðingi; Þóra Margrét, f. 2.3. 1940, tannsmíður, gift Jóni Sverri Dagbjartssyni, skrifstofumanni.

Systkini Ástu: Viktor, Aðalsteinn, Sigursteinn, Anna, Unnur og Þóra. Þau eru öll látin. Hálfystir Ástu, samfeðra, er Ída, búsett á Akureyri.



Ásta Magnúsdóttir.

Foreldrar Ástu voru Magnús Jónsson, verslunarmaður í Garði á Akureyri, og kona hans, Margrét Sigurðardóttir frá Hálsi í Svarföardal.



Verzlunarmannahelgin

Opið

Smáauglýsingadeild

Opið í dag, föstudag, til kl. 22. Lokað laugardag, sunnudag og mánudag.

Næsta blað kemur út þriðjudaginn 4. ágúst.

Akið varlega og góða ferð!



smáauglýsingadeild

Þverholti 11 - sími 632700